



Til:  
Efni:  
Upplýsingar:

sigmar@skipulag.is, "Rut Kristinsdóttir" <rut@skipulag.is>  
Aukin framleiðsla á laxi í Arnarfirði um 7.500 tonn - beiðni um umsögn - bréf  
Sent: 07/03/2016 16:23:31 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016020022, Bréfalyklar: 42-0  
almennt

---

Tilvísun í mál: 2016020022

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 18. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun um aukna framleiðslu á laxi í Arnarfirði um 7.500 tonn.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið en í framangreindri matsáætlun er gert grein fyrir þeim þáttum sem á að fjalla um í frummatsskýrslu. Ekki er annað að sjá en að fjalla eigi um þau atriði sem skipta máli í frummatsskýrslu. Við lestur matsáætlunarinnar getur verið erfitt að meta hve ítarleg umfjöllunin verður í frummatsskýrslunni um einstaka þætti. Ljóst er að fjalla þarf ítarlega um mengun og álag á lífríki t.d. á botni/burðarþol, sjúkdóma, notkun framandi laxastofna, vistfræði eldissvæðanna og hugsanleg áhrif á náttúrufar/tegundir/búsvæði þ.m.t. einnig aðra nýtingu o.s.frv. Í matsáætluninni kemur fram að framtíðarsýn fyrirtækisins sé að stunda sjálfbært fiskeldi en ekki er ljóst hvað er átt við með því enda það ekki skilgreint í áætluninni. Þetta þarf að gera í frummatsskýrslu og þá fjalla um heildaráhrif af laxeldinu og þau metin t.d. með tilliti til sjálfbærrar þróunar til lengri tíma s.s. öflun á fódri, úr hverju er það unnið, kostir og ókostir við að nota íslenskan stofn af laxi vs. norskan, gæði fyrirliggjandi rannsóknar/upplýsinga og þ.a.l. áreiðanleika matsþátta. Í matsáætluninni virðist ekki gert ráð fyrir að meta marga kosti heldur stefnan tekin á ákveðin svæði, ákveðinn laxastofn og ákveðið magn.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is

